

98

14. maí

AUGLÝSING**um lækkun aðflutningsgjalda af lituðu sykurvatni með kjörnum.**

Samkvæmt heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 62 30. desember 1939, sbr. 3. gr. laga nr. 6 12. janúar 1945, hefur ráðuneytið ákveðið, að meðan ákvæði auglýsingar nr. 74 6. nóvember 1943 eru í gildi, skuli fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, tolla litað sykurvatt með kjörnum, nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar, með 7 aura vörumagnstolli hvert kg og 10% verðtolti.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

18. maí **99** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 18. maí 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Minningarsjóð Þorgeirs Ljósvefningagoða.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvefningagoða.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutun Aðalheiðar Jónsdóttur, Hrísum, og með forgöngu kvenfélagsins Freyja í Víðidal um alþingishátíðina 1930. Upphæð sjóðsins er nú kr. 500.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leitast við að efla hjá unglíngum í Þorkelshólshreppi sannan drengskap, fórnfýsi og heilbrigt mat á fegurð íslenzkrar náttúru. Sé þetta gert til minningar um höfðingjann Þorgeir Ljósvefningagoða, sem vegna skarpskygni sinnar og mannkosta bar giftu til að semja til sátta og friðar á ör-lagaríkri stund í íslenzku þjóðlífi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi tvær konur úr stjórn kvenfélagsins Freyja í Víðidal ásamt hreppstjóra Þorkelshólshrepps. Hætti kvenfélagið Freyja störf-um þá sé auk hreppstjóra í stjórn sjóðsins sýslunefndarmaður hreppsins og þriðji maður, sem skipaður sé af sýslumanni í Húnavatnssýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllu því er sjóðnum kann að áskotnast og ávaxtar hann í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða á annan tryggilegan hátt.